

Nd.

147. Frumvarp til laga

[72. mál]

um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. des.)

1. gr.

Endurskoða skal verð í kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér. Sexmannanefnd sú, sem um getur í 5. gr. laga nr. 101 1966, skal framkvæma þessa endurskoðun að fengnum skýrslum og gögnum frá Hagstofu Íslands. Náist ekki meiri hluti í Sexmannanefnd, skal skjóta málinu til úrskurðar yfirnefndar samkvæmt 3. málsg. 6. gr. laga nr. 101 1966. Sexmannanefnd og yfirnefnd skulu ljúka endurskoðuninni fyrir 23. desember 1967. Þær breytingar á verði landbúnaðarafurða, sem af endurskoðuninni leiðir, skulu taka gildi 1. janúar 1968.

2. gr.

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 69 1967, skal nota til þarfa landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.